

Neytenda blaðið

VOR 2024



**Skaðleg litarefni
enn í umferð**

+ UPPRUNAMERKING + PFAS-EFNI + NIKÓTÍNPÚÐAR + BANKAKOSTNAÐUR

EFNI

Frá NS	3
Flugbætur	4
Litarefni í mat	5
Skrópgjald	8
Bankaskýrsla	9
Samkeppni slátrað	12
Frá formanni	13
Nikótínþúðar	14
Samráð skipafélaga	16
PFAS-efni	18
Mjólkursöluleyfi	19
Temu	21
Upprunamerkingar	24
Grænþvegir grisir	26
Arsen í hrísgrjónum	28
CC bílaeiga í skammarkrók	30



NEYTENDABLAÐIÐ

1. tbl. 70 árgangur 2024

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Guðrúnartúni 1, 105 Rvk.

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir,
Brekí Karlsson, Ívar Halldórsson

Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson

Umbrot og hönnun: Ámundi

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíða: [iStock.com/Ruth Black](https://iStock.com/RuthBlack)

Opplag: 8.800 eintök

Óheimilt er að nota upplýsingar úr
Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu
nema skriflegt leyfi liggi fyrir.

LEIÐARINN



Hallar á neytendur

Alla jafna ættum við að geta treyst því að neysluvörur séu öruggar, ekki síst matvæli. Það gilda jú nokkuð strangar reglur um það hvaða efni eru leyfð í matvælum. Því miður hallar þó stundum á neytendur.

Í blaðinu fjöllum við um gervilitarefni í mat, svo kallaða asó-liti sem lengi höfðu verið umdeildir. Breska matvælastofnunin setti málið á oddinn

á sínum tíma með því að kalla eftir og fjármagna viðamikla rannsókn á áhrifum litarefnanna á börn. Þegar rannsóknin staðfesti fyrri grunsemdir varð uppi fótur og fit. Það væri jú óábyrgt að leyfa ónauðsynleg litarefni í mat – aðallega í sælgæti – sem geta haft neikvæð áhrif á heilsu barna. Framleiðendur voru hvattir til að skipta efnunum út en að öðrum kosti er þeim skylt að setja varúðarmerkingu á umbúðir. Notkun efnanna snarmínkaði þótt þau leynist enn í einstaka sælgæti og matarlit.

Frakkland bannaði fyrst Evrópulanda hvítan lit, E171, í matvæli eftir að matvælastofnunin þar í landi hafði sent frá sér ítarlega skýrslu um hugsanleg eituráhrif efnisins. Evrópusambandið fylgdi svo í kjölfarið og bannaði notkun efnisins í öllum mat frá og með ágúst 2022.

Þá má rifja upp baráttu Dana við transfitúsýrur. Þarlendir sérfræðingar höfðu lengi bent á óhollustu transfitúsýra, eða allt frá 1994 þegar danska mannelisráðið gaf út skýrslu sem vakti mikla athygli. Árið 2003 tóku dönsk stjórnvöld af skarið og settu löggjöf um hámark á innihaldi transfitúsýra í mat. Eins og við mátti búast kvörtuðu matvælaframleiðendur til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem raunverulega íhugaði málsókn gegn Dönum. Var það á grundvelli þess að einstaka lönd mega ekki setja lög sem hefta frjálst flæði vöru nema geta sýnt fram á að almannahagsmunir séu í húfi. Þegar ekkert varð af málsókninni gátu önnur lönd óhikað farið að dæmi Dana, rétt eins og við gerðum árið 2010.

Við getum þakkað Bretum, Frökkum og Dönum fyrir að taka slaginn fyrir neytendur í þessum tilteknu málum. Fyrir vikið eru matvælin okkar öruggari. Þessi dæmi sýna líka glögglega að á hverjum tíma eru einhver efni leyfð í mat sem síðar verða bönnuð. En þau sýna líka hversu mikilvægt það er að opinberar stofnanir, háskólar og óháðir sérfræðingar hafi bolmagn til að láta gera, eða stunda, vandaðar rannsóknir. Matvælaframleiðendur leggja eðlilega ekki fjármagn í rannsóknir á umdeildum efnum sem þegar eru leyfð. Sönnunarbyrðin er á stjórnvöldum.

Umræðan um gjörunnin matvæli verður sífellt háværi og þótt E-efnin séu mörg hver bráðnauðsynleg leynast líka innan um efni sem raunverulega væri betra að sleppa. Efni sem eru óþörf og stuðla ekki að því að gera matinn öruggari nema síður sé. Gervilitarefni eru klárlega þar á meðal.

Brynhildur Pétursdóttir

Hækkun félagsgjalda

Félagsgjöld Neytendasamtakanna hafa verið óbreytt frá árinu 2020 eða 6.500 kr. Á þeim tíma hefur almennt verðlag hækkað um 32%. Þrátt fyrir aðhaldssaman rekstur og styrka stjórn fjármála taldi stjórn Neytendasamtakanna óhjákvæmilegt að hækka félagsgjöldin nú í upphafi árs í 7.900 kr. Nemur hækkunin tæpum 22% eða um tveimur þriðju hækkunar verðlags á tímabilinu. Stjórn samtakanna vonar að félagar samtakanna sýni hækkuninni skilning. Þá minnum við á að aflögufærir geta styrkt Neytendasamtökin og fengið skattaafslátt. Nánar um það á www.ns.is/hollvinur.

Dráttarvextir fyrir mistök

Þau leiðu mistök urðu við innheimtu félagsgjalda í mars og apríl að dráttarvextir féllu á kröfur sem greiddar voru eftir eindaga. Við viljum árétta að Neytendasamtökin innheimta ekki dráttarvexti þótt félagsgjöld séu greidd eftir eindaga. Við biðjumst innilega velvirðingar á þessum mistökum. Félagar sem óska endurgreiðslu dráttarvaxta mega gjarnan senda okkur línu á ns@ns.is eða hringja í 545 1200.

Eftirlit gert sýnilegt

Umræðan um eftirlit með matsölustöðum varð hávær eftir að upp komst um margvísleg brot fjölmargra veitingastaða í eigu sama aðila.

Íslenskir neytendur eru ekki upplýstir um niðurstöðu eftirlitsheimsóknna á veitingastaði, ólíkt því sem gerist í Danmörku. Rúmur áratugur er síðan Neytendasamtökin sendu stjórnvöldum erindi og kölluðu eftir því að komið yrði á fót svokölluðu broskarlakerfi að danskri fyrirmynd. Broskarlakerfið er einfalt og skiljanlegt. Eftir hverja úttekt er skýrsla heilbrigðiseftirlitsins hengd upp á áberandi stað, svo sem í glugga eða við inngang.

Á stjórnarfundum 12. mars sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt: „Stjórn Neytendasamtakanna skorar á viðeigandi stjórnvöld að niðurstöður eftirlits með veitingahúsum verði gerðar neytendum sýnilegar við inngang líkt og gert er í nágrannalöndum okkar, til dæmis með



broskarlakerfi. Neytendur eiga að geta tekið upplýsta ákvörðun um matinn sinn og matvælaöryggi.“

Í framhaldinu sendu Neytendasamtökin erindi til allra heilbrigðiseftirlita landsins. Voru þau spurð hvort þau teldu núverandi upplýsingagjöf til neytenda ásættanlega og hvort þau hefðu í hyggju að setja upp broskarlakerfi. Svör bárust frá öllum heilbrigðiseftirlitum landsins og voru þau almennt mjög jákvæð.

Birting niðurstaðna eftirlits er mismunandi eftir umdæmum. Sums staðar, til dæmis í Reykjavík, eru niðurstöðurnar birtar á vef eftirlitsins. Það er jákvætt en það er skýr krafa Neytendasamtakanna að niðurstöður eftirlits séu samræmdar á landinu öllu og aðgengilegar á sjálfum staðnum líkt og í Danmörku, og reyndar víða annars staðar.

Fébætur fyrir forföll

Færst hefur í vöxt að fyrirtæki innheimti svokallað skrópgjald, eða forfallagjald, ef neytandi boðar ekki forföll með nægilegum fyrirvara.

Það vakti mikla athygli í Danmörku þegar hinn víðfrægi veitingastaður NOMA hóf að innheimta gjald að upphæð 2.900 danskar, eða tæpar 60.000 kr., ef fólk mætti ekki eða afboðaði sama dag og það ætlaði að mæta. Um svipað leyti hófu læknar og sjúkrahús í Danmörku að rukka sjúklinga sem létu hjá líða að afboða komu sína.

Neytendasamtökin fá reglulega fyrirspurnir um forfallagjöld og lögmæti þeirra. Þau þekkja þó engin dæmi þess að sjúkrahús innheimti forfallagjald eða að veitingahús rukkan himinnhár upphæðir. Það er enda ekki allt leyfilegt í þessum efnum.

Það er í sjálfu sér ekki ósanngjarnt að seljendur innheimti gjald ef neytandi mætir ekki í tíma sem hann er búinn að bóka. Ef neytandi afboðar ekki með fyrirvara verður seljandi af tekjum og getur ekki takmarkað tjón sitt með því að bjóða öðrum viðskiptavinum tímum.

Forfallagjald er heimilt, en...

Í ljósi meginreglna um samningsfrelsi er heimilt að semja um nánast hvað sem er, innan marka laganna. Samningsaðilar eru svo skuldbundnir af efni samningsins svo framarlega sem samningsskilmálar ganga

ekki gegn lögum og eru ekki ósanngjarnir. Það getur svo þurft að meta hverju sinni hvað telst ósanngjarn skilmáli. Hægt er að bera ágreining um ósanngjarna skilmála undir Neytendastofu.

Til þess að skilmálar um forfallagjald séu skuldbindandi þarf seljandi að upplýsa neytanda um þá þegar þjónustan er pöntuð, hvort sem það er gert á netinu eða í síma. Bæði þarf að upplýsa um upphæð forfallagjalds og lengd tilkynningafrests. Sé það ekki gert er seljanda ekki stætt á að innheimta gjaldið. Þá þarf seljandi að takmarka tjón sitt, t.d. með því að bjóða öðrum tímum sé það hægt. Náist að bjóða öðrum tímum telja Neytendasamtökin óeðlilegt að seljandi innheimti forfallagjald, enda er tjón hans ekkert.

Upphæð forfallagjalds á að vera sanngjörn og má til dæmis ekki vera hærrí en verð þjónustunnar. Eðli máls samkvæmt er betra fyrir seljanda að forföll séu tilkynnt með góðum fyrirvara. Á hinn bóginn geta ófyrirsjáanlegar aðstæður komið upp hjá neytanda með skemmri fyrirvara, svo sem veikindi. Sólahringsfyrirvari virðist nokkuð algengur og verður almennt að teljast sanngjarn frestur.

Neytendasamtökin gagnrýna ekki forfallagjald sem slíkt, en leggja þó áherslu á að gagnkvæm tillitssemi og sanngirni séu höfð í fyrirrúmi, jafnt í skilmálunum sjálfum sem við beitingu þeirra.





Gulur, rauður, grænn og blár

Hálf öld er síðan bandaríski barnalæknirinn Benjamin Feingold setti fram þá kenningu að gervilitarefni í mat, svokölluð asólitarefni, gætu haft áhrif á ofvirkni hjá börnum. Feingold, sem var sérfræðingur í ofnæmislækningum barna, mælti með mataræði án gervilitarefna, gervibragðefna og ákveðinna rotvarnarefna.

Hvað eru asó-litir?

Asó-litarefni eru manngerð, unnin úr jarðolíu, og mikið notuð í fataiðnaði en hafa einnig verið vinsæl í matvælaframleiðslu, s.s. í sælgæti og aðra litríka framleiðslu. Efnin eru stöðug, þ.e. þau þola vel suðu og frýstingu og endast lengi án þess að liturinn dofni. Asó-litirnir sex sem skylt er að varúðarmerkja á umbúðum eru: **tartrasín (E102), kínólínugult (E 104), sólsetursgult (E110, asórúbín (E122), ponceau 4R (E124) og allúrarautt (E129).** Varúðarmerkingin nær bara yfir þau efni sem voru í fyrrnefndri rannsókn. Aðrir asó-litir eru **amarant (E123), gljáandi svart PN (E151), brúnt HT (E155) og litólrúbín BK (E180).** Bláir gervilitir E132 og E133 flokkast strangt til tekið ekki sem asó-litir en eru umdeildir engu að síður.

Asó-litarefni voru bönnuð í matvælum á Íslandi allt til ársins 1997. Þá voru efnin leyfð þar sem Ísland tók upp matvælaöggjöf Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn. Neytendasamtökin voru meðal þeirra sem gerðu athugasemdir við rýmkun laganna og hvöttu til þess að notkun efnanna yrði ekki leyfð hér á landi. Það gekk ekki eftir þar sem sömu reglur gilda um aukefni í matvörum hér á landi og í löndum sambandsins.

Í áratugi hafa verið uppi grunsemdir um að asó-litarefni sem notuð eru í matvæli hafi óæskileg áhrif á börn og að tengsl séu á milli neyslu þeirra og ofvirkni. Í Bretlandi, nánar tiltekið í Southampton-háskóla, voru þessi tengsl rannsökuð. Niðurstöður rannsóknar sem breska matvælastofnunin fjármagnaði lágu fyrir árið 2002. Þær þóttu ekki afgerandi og var því ráðist í stærri rannsókn enda þótti ástæða til að kanna málið nánar þar sem heilsa barna væri í húfi. Læknatímaritið The Lancet birti síðan niðurstöður þessarar nýju könnunar árið 2007, og vöktu þær mikla athygli, en þær gáfu til kynna að neysla barna á sex asó-litarefnum, auk rotvarnarefnisins E211, gæti haft neikvæð áhrif á hegðun þeirra.

Skylt að vara við

Frá árinu 2010 hefur framleiðendum verið skylt að varúðarmerkja umbúðir ef vara inniheldur einhver hinna sex litarefna. Á merkingunni skal standa E-númer litarefnis og textinn „**getur/geta haft neikvæð áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna**“.

Varúðarmerkingin má vera á ensku, „**May adversely affect children's activity or attention**“, og á Norðurlandamáli, öðru en finnsku, sem Neytendasamtökin telja sérkennilegt. Þyki ástæða til að vara við matvöru ætti merkingin að vera á íslensku. Sem dæmi verður varúðarmerking á sterkum koffindrykkjum að vera á íslensku. Þá má færa sterk rök fyrir því að varúðarmerking eigi að skera sig úr með einhverjum hætti. Neytendur eiga ekki að þurfa að rýna á smáa letrið á umbúðum og leita að varúðarmerkingu, sem jafnvel er á erlendu tungumáli.

Neytendasamtökin fjölluðu ítarlega um asó-liti eftir að breska rannsóknin kom út. Samtökin sendu Samtökum iðnaðarins erindi og hvöttu framleiðendur til að skipta litunum út fyrir náttúruleg litarefni. Það væri edlileg krafa að neytendur, ekki síst börn, nytu vafans. Svo virðist sem íslenskir matvælaframleiðendur hafi að mestu skipt asó-litum út og er það vel, enda ekki vænlegt að selja mat sem þarf að vara við. Enn má þó því miður finna sælgæti með hinum umdeildu litum og oftar en ekki er varúðarmerkingin illsjáanleg.

Þótt úrvalið af matarlit úr náttúrulegum hráefnum hafi aukist mikið má enn finna matarlit með hinum umdeildu asó-litum. Neytendablaðið fann algenga tegund matarlits, Rayners, sem ætti með réttu að vera varúðarmerkt. Var Matvælastofnun gert viðvart um málið og seljendum einnig sent erindi og þeir hvattir til að bjóða upp á náttúrulegan matarlit.

Sjö aukefni burt úr skólum

Þegar umræðan um asó-litarefni stóð sem hæst var málið skoðað af Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna, sem komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á varúðarmerkingum líkt og í Evrópu. Nú hefur hins vegar verið lagt fram frumvarp í Kaliforníuríki um að banna sjö aukefni í matvörum í opinberum skólum. Um er að ræða þrjú asó-litarefni; E102, E110, og E129, en þessi efni gefa mat rauðan og gulan lit og eru algengustu litarefni í mat í Bandaríkjunum. Tvö blá litarefni eru á listanum og eitt grænt; E133, E132 og E143. Bláa efnið E133 (skærbjár FCF) hefur lengi verið undir smásjóni og græna litinn E143 er ekki heimilt að nota í mat í Evrópusambandinu. Hið sama gildir um sjöunda efnið E171 (títandíoxíð), sem er hvítt litarefni.

Bandarísku neytendasamtökin Consumer reports fagna frumvarpinu og segja það skref í rétta átt en framleiðendur eru margir hverjir ósáttir og gera lítið úr hættunni.

E-efni eiga að vera örugg


Aukefni í mat fá hvert um sig E-númer sem vísar til flokkunarferfis Evrópusambandsins. Litarefni eru flokkuð frá 100-199 og þau hafa í fæstum tilfellum annað hlutverk en að fegra matinn eða gera hann girnilegri. Litarefni geta verið náttúruleg eða manngerð. Til dæmis er guli liturinn E100 kúrkúmin unninn úr rót túrmeriks og rauði liturinn E162 rauðrófulitur (betanín) úr rauðrófum. Mörg litarefni eru þó úfnum sem ekki teljast til matvæla.

Einungis er heimilt að nota þau E-efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur samþykkt. Sum aukefni má nota án takmarkana en þá sýna engin gögn fram á að neyslan geti verið skaðleg. Önnur efni má einungis nota í takmörkuðum mæli og í tiltekin matvæli, svo sem E127, sem gefur niðursoðnum kirsuberjum eldrauðan lit, og E123, sem má bara nota til að lita fiskihrogn og ákveðnar vintegundir. Matvælaöryggisstofnunin endurmetur stöðuna ef nýjar upplýsingar koma fram, rétt eins og í asó-litarmálinu á sínum tíma.

Árið 2019 ákváðu frönsk stjórnvöld að banna notkun á E171 (títandíoxíð) þar sem ekki væri hægt að sýna fram á að efnið væri öruggt til neyslu. Evrópusambandið fylgdi í kjölfarið og frá árinu 2022 hefur ekki verið heimilt að nota E171 í matvörur. Það er hins vegar enn þá leyft sem litarefni í tannkrem, sem er gagnrýnivert.

Það má því allt eins gera ráð fyrir því að aukefni sem leyfð eru í dag geti farið á bannlista í framtíðinni eða notkun þeirra takmörkuð frá því sem nú er. Ný efni geta þó líka bæst í úrvalið og nýlega bærust áhugaverðar fréttir af íslenski framleiðslu á bláu litarefni sem unnið er úr þörungum.

Litarefni í mat gefa lífinu vissulega lit en í dag er nægt úrval af náttúrulegum litarefnum. Fáar ef nokkrar vörur þurfa þar af leiðandi að innihalda umdeild litarefni sem hugsanlega væru ekki sett á markað í dag. ❌



Varúðarmerkingin er oft afar óskýr og falin innan um aðrar upplýsingar. Afar ólíklegt er að neytandi sjái varúðarmerkingu nema leita sérstaklega.



Bresk samtök um næringu og lýðheilsu barna, First Steps Nutrition Trust, gerir þá kröfu að varúðarmerkingin sé synileg og setur fram góða tillögu.

⚠️ E102, E104, E110, E122, E124, E129 MAY HAVE AN ADVERSE EFFECT ON ACTIVITY AND ATTENTION IN CHILDREN

Sæktu skaðabætur án kostnaðar

Það kemur fyrir að flugi seinkar eða að flugi er aflýst og þá geta farþegar átt rétt á stöðluðum skaðabótum.

Þó Neytendasamtökin ráðleggi fólki afdráttarlaust að sækja þessar bætur sjálf er þó nokkuð um að fólk leiti aðstoðar fyrirtækja sem sækja bæturnar gegn þóknun sem getur numið nærri þriðjungi bótagreiðslunnar. Oft er þóknunin sett fram sem 25% auk vsk., sem þýðir í raun rúmlega 31% þóknun. Þessi framsetning þóknunar er í sjálfu sér villandi og ætti ekki að líðast.

Flugfélögum er skylt að taka á móti kvörtunum. Flest bjóða upp á einföld form á vefsíðum sínum sem farþegi fyllir út lendi hann í vandræðum með flug. Það er engu meiri fyrirhöfn að koma upplýsingunum beint til flugfélagsins en að koma þeim til fyrirtækis sem tekur þóknun fyrir að áframsenda þessar sömu upplýsingar til flugfélagsins.

Fyrirtækið Flugbætur virðist fyrirferðamest á þessum markaði og hafa Neytendasamtökin fengið margar kvartanir vegna þessa fyrirtækis. Í einu máli leitaði neytandi til Flugbóta en áttaði sig á því hálf tíma síðar að hann gæti auðveldlega sótt bæturnar sjálfur. Hann sendi undir eins tölvupóst og afþakkaði þjónustuna. Flugbætur féllust

ekki á það og fóru fram á þóknun vegna þeirra bóta sem yrðu greiddar út. Neytandinn skaut málinu til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa, þar sem það vannst.

Nokkur fjölmiðlaumfjöllun varð um dómsmál sem lögmaður og eigandi Flugbóta höfðaði gegn erlendu flugfélagi, að því er virðist án vitundar skjólstæðinga sinna. Fram kemur í dómnum að flugfélagið hafi strax viðurkennt bótakröfu, en ekki getað greitt bæturnar vegna skorts á upplýsingum frá lögmanninum.

Í langflestum tilvikum ganga mál er varða staðlaðar skaðabætur snurðulaust fyrir sig og engin þörf á aðstoð. Þó geta komið upp tilfelli þar sem aðstoðar lögmanns er þörf, en í ljósi framangreindra mála vegna Flugbóta ráðleggja Neytendasamtökin neytendum að vanda valið vel.

Þá geta félagsmenn ávallt leitað til Neytendasamtakanna lendi þeir í vandræðum með að fá skaðabætur greiddar. Á www.ns.is/flug er bótareiknivél þar sem sjá má á einfaldan hátt hvort farþegi eigi rétt á skaðabótum og hver upphæð bótanna er.

Prís - verðsjá ASÍ

Prís er nýtt smáforrit á vegum verðlagseftirlits ASÍ sem á að auðvelda neytendum að veita virkt aðhald með samkeppni á smásölumarkaði. Með smáforritinu er hægt að skanna strikamerki á vörum og fá í kjölfarið uppgefið hvað varan kostar í fjölda verslana.

Verðlagseftirlitið hyggst halda þróun smáforritsins áfram og gera verðsögu aðgengilega, ásamt fleiri viðbótum sem gagnast neytendum. Á asi.is/verdsja má sjá upplýsingar um nýjustu verðgögn, verðmun á milli verslana og einstaka vöruhegunda. Eru lesendur hvattir til að kynna sér málið.



Í ágúst 2023 kom út skýrsla um gjaldtöku og arðsemi viðskiptabankanna og var tölvuerð umfjöllun um hana í fjölmiðlum. Skýrslan sýndi að rekstur bankanna þriggja hefur aldrei gengið betur og að arðsemi þeirra hefur sjaldan eða aldrei verið meiri. Hins vegar hefur lækkun bankaskatts og aukin hagræðing í rekstri bankanna ekki skilað sér til neytenda með lækkun gjalda eða minni vaxtamun.

Fyrir allan peninginn

Vaxtamunur bankanna reynist hér í norrænum samanburði og afkoma

íslensku bankanna jókst mjög á milli áráanna 2022 og 2023, meðal annars vegna lækkandi rekstrarkostnaðar. Þrátt fyrir það lækkaði vaxtamunur ekki, heldur hækkað lítillega og var hann nálægt tvöfaldur á við það sem gengur og gerist hjá bönkum á Norðurlöndunum. Arðsemi eigin fjár var að sama skapi meiri hjá íslensku bönkunum. Í skýrslunni var einnig fjallað sérstaklega um gengisálag bankanna á kortagreiðslur, sem er neytendum að miklu leyti óljóst.

Neytendasamtökin, ASÍ, BSRB og BHM stóðu að ráðstefnu um skýrsluna enda málefnið brýnt.

Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra bankamála, sagði í ræðu sinni mikilvægt að skýrslur yrðu gerðar árlega um gjaldtöku og arðsemi íslensku bankanna með það að markmiði að auka aðhald með verðlagningu og vaxtamun þeirra. Neytendasamtökin hafa kallað eftir svörum frá ráðuneytinu um stöðu mála, þ.e. til hvaða aðgerða verði gripið til að lækka kostnað neytenda af bankþjónustu. Þau svör fengust að eftirfylgni með bankaskýrslunni væri enn í mótun og að samtökin fengju að vita þegar málin skýrðust.

Gömul saga og ný

Það má rifja upp að árið 2003 unnu Neytendasamtökin skýrslu um bankaþjónustu sem vakti mikla athygli. Var bent á að arðsemi bankanna væri í algerum sérflokk þorið saman við önnur fyrirtæki í Kauphöllinni. Skýringar bankanna voru þær að góð afkoma hefði að mestu komið til vegna gengishagnaðar á verðbréfaeign. Úttekt samtakanna leiddi hins vegar í ljós að hagnaðinn mátti að miklu leyti rekja til mikils vaxtamunar og þá höfðu tekjur vegna ýmissa þjónustugjalda einnig snarhækkað. Hagnaðarsprenging bankanna væri því á kostnað viðskiptavina.

Hver er staðan nú?

Greiningardeild Neytendablaðsins fór á stúfana og rýndi ársskýrslur stóru íslensku viðskiptabankanna þriggja. Sú rýni leiðir í ljós að lítið hefur breyst. Hér verður farið yfir nokkrar kennitölur. Einar og sér segja þær lítið, en séu þær skoðaðar í samhengi draga þær upp mynd af stöðu, afkomu og fjárhagslegum styrk bankanna.

Kostnaðarhlutfall

Kostnaðarhlutfall segir til um hversu rekstrarkostnaður bankans er stórt hlutfall af tekjum. Tekjum er deilt með kostnaði. Viðskiptabankarnir hafa sett sér það markmið að hlutfallið sé á bilinu 40-48%

Ársreikningar bankanna fyrir árið 2023 leiða í ljós að kostnaðarhlutfall bankanna dregst verulega saman milli ára, án þess að séð verði að hagræðingunni sé deilt með viðskiptavinum. Kostnaðarhlutfall banka á Íslandi árið 2023, samkvæmt þýska tölfræðivefnum Statista, var 38,3%, en að meðaltali er hlutfallið 56% í Evrópu. Stóru viðskiptabankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, hafa sett sér markmið um að kostnaðarhlutfallið fari ekki yfir ákveðin mörk sem eru mismunandi eftir bönkum en eru á bilinu 40-48%. Ljóst er að þeir ná allir markmiðum sínum og gott betur.

Vaxtamunur

Vaxtamunur er munurinn á útlánsvöxtum og innlánsvöxtum banka, það er að segja útlánsvextir að frádragnum innlánsvöxtum.

Vaxtamunur íslenskra banka er hár, eða 2,8% árið 2022, miðað við 1,6% hjá öðrum norrænum bönkum af svipaðri stærð. Hjá stórum norrænum bönkum var hann 0,9%. Vaxtamunur allra íslensku

bankanna hækkaði á árinu 2023 og fór úr 2,8% árið 2022 í 3% árið 2023.

Arðsemi

Arðsemi er hlutfall hagnaðar, til dæmis af eigin fé, eða af eignum. Arðsemi eigin fjár segir til um hvernig tekst að ávaxta fjármagn sem bundið er í félagi. Bankarnir hafa réttilega bent á að eiginfjárkröfur til banka eru hærrí á Íslandi en í samanburðarlöndum. Arðsemi eigin fjár gefur því aðra mynd hér á landi en erlendis þar sem nefnarinn (eigið fé) er hærrí hér á landi. Væri eigið fé íslenskra banka á pari við það sem gerist á Norðurlöndunum er ljóst að arðsemi eigin fjár væri mun hærrí, miðað við sama teljara (hagnaðinn). Því gefur það einnig góða mynd að skoða arðsemi heildareigna, sem segir til um hvernig tekst að ávaxta þá fjármuni sem í félaginu eru bundnir, án tillits til fjármögnunar.

Arðsemi íslenskra banka er meiri en meðaltal banka af svipaðri stærð á hinum Norðurlöndunum, hvort sem lítið er á arðsemi eigin fjár eða arðsemi heildareigna.

Arðsemi eigin fjár bankanna hækkaði á milli ára úr 10,7% í 13,6%. Þó arðsemin hækki „einungis“ um tæp tvö prósentustig er hlutfallsleg hækkan arðsemi eigin fjár rúm 27% milli ára, sem má telja dágott. Arðsemi eigin fjár sambærilegra norrænna banka árið 2022 var 9,6%.

Arðsemi heildareigna íslensku bankanna hækkaði um 10% milli árána 2022 og 2023, úr 1,5% í 1,65%, miðað við 0,9% hjá sambærilegum norrænum bönkum árið 2022. Arðsemi heildareigna íslenskra banka var þannig helmingi (50%) meiri en þeirra norrænu og fer vaxandi.

Hagræðing skili sér til neytenda

Það er fagnaðarefni þegar bönkunum gengur vel. Færa má rök fyrir því að þeim hafi aldrei gengið betur. Þess væri óskandi að í stað stórauðinnar arðsemi skilaði hagræðing sér til neytenda í formi lægri vaxta og bankagjalda. Neytendasamtökin hafa hvatt öll fyrirtæki til að taka þátt í að draga úr verðbólgu og koma á stöðugleika með því að draga úr arðsemiskröfum og halda aftur af verðhækkunum og eru bankarnir þar ekki undanskildir.

Fyrir þremur til fimm árum tóku margir íbúðaeigendur lán með mun lægri vöxtum en nú bjóðast. Vextir margra þessara lána koma til

endurskoðunar á næstunni. Vextir íbúðalána er hærri hér en í nokkru samanburðarlandi, jafnvel mörgum sinnum hærri. Ljóst er að afburða afkoma bankanna veitir þeim svigrúm til að halda aftur af vaxtahækkunum á íbúðalánunum á næstunni.

sé meiri af debetkortagreiðslu. Þannig er hagnaður greiðsluþjónustuveitenda af hverri færslu kreditkorta áætlaður um 122 kr. að meðaltali samanborið við 8 kr. af hverri færslu debetkorta.

Helstu stærðir 2022

	Íslenskir bankar*	Norrænir bankar svipaðir að stærð	
	2022	2023	2022
Vaxtamunur	2,8%	3,0	1,6%
Kostnaðarhlutfall	46,8%	42,9	52,9%
Arðsemi eigin fjár	10,7%	13,6%	10,0%
Arðsemi heildareigna	1,5%	1,65%	0,9%
Gengisálag kortagreiðslur	2,7%	?**	0-2%

*Tölur fyrir árið 2022 eru fengnar úr umræddri skýrslu og tölur ársins 2023 úr ársreikningum bankanna.

** Liggur ekki fyrir

Greiðslumiðlun dýr

Í skýrslunni um gjaldtöku og arðsemi bankanna er vakin athygli á því að kostnaður þjóffélagsins vegna greiðslumiðlunar er mun hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Kostnaðurinn er nærri tvöfalt hærri en í Noregi og nærri þrefalt hærri en í Danmörku, sé miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu. Stafar munurinn meðal annars af mikilli notkun alþjóðlegra greiðslukorta hér á landi. Kostnaður við greiðslumiðlun skilar sér í herra verði á vöru og þjónustu til íslenskra neytenda, sem bera á endanum kostnaðinn. Þessi aukni kostnaður skilar sér í herra verði á vöru og þjónustu til íslenskra neytenda og jafngildir því að hver einasti Íslendingur greiði árlega um 100.000 kr. meira vegna greiðslumiðlunar en skandinavískir frændur vorir.

Neytendur verða hins vegar ekki varir við kostnaðinn þar sem hann er falinn í vöruverði og greiðslum frá seljendum til kortafyrirtækjanna. Fyrirkomulagið er þjóðhagslega óhagkvæmt þar sem það beinir neytendum að notkun greiðslumiðils sem ber hærri samfélagslegan kostnað.

Greiðsluþjónustuveitendur (s.s. bankar, sparisjóðir og færsluhirðar) hafa margfaldan hag af hverri færslu kreditkorta í samanburði við debetkort, þó beinn kostnaður neytenda

Gengisálag kortagreiðslna

Það er ekki bara greiðslumiðlunin sjálf sem er okkur neytendum dýr. Skýrslan sýnir að álag bankanna er mun herra á gjaldeyriskaup þegar greiðslukort eru notuð. Með einfölduðum hætti má áætla að heimilin hafi árið 2022 greitt bönkunum um 6,6 ma.kr. í gengisálag ofan á almennt gengi árið 2022 fyrir það að nota greiðslukort sín í erlendum færslum, á vefnum og í útlöndum. Þá er erfitt er fyrir neytendur að átta sig á gjaldtöku íslenskra banka fyrir kortaviðskipti í erlendri mynt. Á Norðurlöndum er rúkað fast álag sem sjá má í verðskrá. Hér á landi birtir hins vegar hver og einn banki sérstakt kortagengi sem er óhagstæðara en almennt gjaldmiðlagengi bankanna.

Á aðalfundi Neytendasamtakanna, sem haldinn var í október sl., var skorað á stjórnvöld að grípa til aðgerða. Í ályktun sagði m.a.: „Skýrslan sýnir svart á hvítu að betri afkoma bankanna skilar sér ekki í betri kjörum til neytenda og að óljósar og flóknar verðskrár gera neytendum ókleift að gera verðsamanburð og veita nauðsynlegt aðhald. Vaxtamunur bankanna er allt að þrisvar sinnum hærri en sambærilegra banka erlendis og arðsemi heildareigna helmingi meiri.“ ❗





Samkeppni slátrað

Umdeild lög um undanþágu kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum voru samþykkt á Alþingi í mars. Með nýjum lögum er kjötafurðastöðvum, hvaða nafni sem þær nefnast, veitt undanþága frá samkeppnislögum og mega þær því hafa með sér hvers konar samráð. Í raun gætu allar kjötafurðastöðvar landsins sameinast í eitt stór fyrirtæki án þess að Samkeppniseftirlitið fengi nokkuð að gert.

Neytendasamtökin ásamt VR, Félagi atvinnurekenda og Samtökum verslunar og þjónustu gagnrýndu mjög meðferð málsins. Markmið frumvarpsins var ekki síst að koma til móts við erfiða stöðu sauðfjárbænda og átti undanþágan einungis að ná til afurðastöðva í eigu eða undir stjórn bænda. Atvinnuveganefnd gerði hins vegar svo viðamiklar breytingar á frumvarpinu á milli annarrar og þriðju umræðu þingsins að í raun var um nýtt frumvarp að ræða, og fór það því ekki í gegnum hefðbundið umsagnarferli og þrjár umræður á þingi eins og lög og stjórnarskrá gera ráð fyrir.

Samtökin sendu erindi á atvinnuveganefnd og kölluðu eftir því að frumvarpið yrði dregið til baka. Af því varð ekki og sendu samtökin þá erindi á matvælaráðuneytið og bentu á alvarlega annmarka málsins. Í bréfi sem Matvælaráðuneytið sendi atvinnuveganefnd er áhyggjum lýst af málsmeðferð og bent á ýmsa þætti sem orka tvímælis. Ekki er að heyra að Alþingi, atvinnuveganefnd, né matvælaráðherra hyggest bregðast við. Þvert á móti segist matvælaráðherra – sem áður sat í atvinnuveganefnd og samþykkti hið umdeilda frumvarp – ekki ætla að aðhafast neitt í málinu.

Samkeppniseftirlitið gerði alvarlegar athugasmdir við málið. Ólíkt því sem haldið hefur verið fram eru engin dæmi þess í nágrannalöndunum að kjötafurðastöðvum sé heimilt að sameinast án nokkurra takmarkana. Þá er ekki ljóst hvort, og þá með hvaða hætti, Samkeppniseftirlitinu er ætlað að hafa eftirlit með fyrirtækjum á þessum markaði þegar þeim hefur verið veitt heimild til samráðs. Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að breytingar á þeim mörkuðum sem frumvarpið heimilar verða að miklu leyti óafturkræfar. Það gæti þannig reynst ógerlegt að vinda ofan af skaðlegum samrunum og samráði.

Neytendasamtökin eru svo sannarlega ekki mótfallin aukinni hagræðingu í landbúnaði enda skili hún sér til bænda og neytenda. Samkeppnislög eru hins vegar slíkar grundvallarleikreglur í frjálsu markaðshagkerfi að þeim ætti aldrei að víkja til hliðar nema afar ríkir almannahagsmunir komi til og þá aðeins í ytrustu undantekningartilvikum.

Í 15. grein samkeppnislaga er kveðið á um undantekningu frá banni við samráði fyrirtækja. Þannig er viðurkennt í samkeppnisrétti að við tiltekna aðstæður getur samvinna fyrirtækja verið til þess fallin að stuðla að aukinni hagræðingu og skilvirkni. Til að Samkeppniseftirlitið heimili slíkt samstarf þurfa jákvæð áhrif þess að vega þyngra en þau neikvæðu. Ekkert liggur fyrir um það hvers vegna afurðarstöðvar gátu ekki nýtt sér þessa heimild til að ná fram þeirri hagræðingu sem talin er nauðsynleg. Ekki er að sjá að það hafi einu sinni verið reynt. ❌

Mikilvægi samkeppni



Virk samkeppni, þegar fyrirtæki keppa innbyrðis á markaði, er ein grunnstoðin í hagkerfi okkar. Jafnframt er hún ein helsta trygging neytenda fyrir úrvali og auknum gæðum, auk þess að vera vörn gegn okri og blekkingu. Það er því hollt að rifja reglulega upp mikilvægi samkeppninnar og hvað hún færir okkur.

Þegar fyrirtæki keppa á markaði reyna þau að gera hluti betur en samkeppnisaðilarnir. Þau finna leiðir til að nýta betur auðlindir sem nýttar eru og draga úr sóun. Óskilvirk fyrirtæki verða undir í samkeppninni og hætta starfsemi. Þannig ýtir samkeppni undir skilvirkni.

Skilvirkni og barátta fyrirtækja um að gera betur við neytendur leiðir til þess að skilvirkari fyrirtæki geta boðið vörur og þjónustu á hagstæðara verði. Þannig leiðir samkeppni til lægra vöruverðs.

Lægra vöruverð er ekki einungis gott fyrir neytendur. Þegar fleiri geta keypt vörur og þjónustu hvetur það fyrirtæki til að framleiða meira og þannig eflir það hagkerfið í heild. Þannig leiðir samkeppni til aukins hagvaxtar.

Samkeppni leiðir til samtals við neytendur og þannig til aukins skilnings á þörfum og óskum neytenda, því fyrirtæki á samkeppnismarkaði þurfa sífellt að vera á tánum og gera betur en áður hefur verið gert. Fyrirtæki sem ekki verða við óskum neytenda verða undir í samkeppninni. Þannig leiðir samkeppni til nýsköpunar.

Samkeppni hvetur fyrirtæki til að bæta gæði vöru og þjónustu sem þau selja – til að laða að fleiri viðskiptavinum. Þannig leiðir samkeppni til aukinna gæða.

Í hnattvæddum heimi hvetur samkeppni fyrirtæki til að keppa ekki aðeins staðbundið heldur einnig á alþjóðavettvangi. Innri samkeppni eykur getu fyrirtækis til að staðsetja sig á alþjóðlegum markaði. Þannig eflir samkeppni alþjóðlega samkeppnishæfni, sem getur leitt til aukins útflutnings.

Til að öðlast samkeppnisforskot geta fyrirtæki tekið upp siðferðileg vinnubrögð og borið ábyrgð á samfélagi sínu, eða þróað umhverfissvæna starfshætti og tækni til að mæta eftirspurn neytenda eftir sjálfbærum vörum, sem geta haft jákvæð félagsleg og umhverfisleg áhrif. Þannig hvetur samkeppni til siðferðilegrar og umhverfissvænnar hegðunar.

Til lengri tíma setur samkeppni neytendum völdin í hendur. Neytendur þurfa ekki að sætta sig við það sem að þeim er rétt. Neytendur geta valið vörur og þjónustu út frá óskum sínum og fyrirtæki sem ekki mæta kröfum neytenda heltast úr lestinni. Samkeppni valdeflir neytendur.

Einhverjum kann að þykja krafan um samkeppni krefjandi og yfirþyrmandi, og vilja í skammtíma- og eiginhagsmunaskyni helst losna

við hana. En ávinningur samkeppni; skilvirkni, lægra vöruverð, framfarir, nýsköpun, hagvöxtur, alþjóðleg samkeppnishæfni og valdefling neytenda, sýnir svo ekki verður um villst að almannahagsmunir felast í virkri samkeppni og ber að líta á samkeppni sem grundvallarstoð sem stuðlar að jafnvægi og réttlátu samfélagi, og markaði þar sem tækifæri eru fyrir alla. Án raunverulegrar heilbrigðrar virkrar samkeppni er hætta á að fyrirtæki sofni á verðinum og hvatinn til að gera betur í dag en í gær hverfur. Áskoranir samkeppninnar halda fyrirtækjum á tánum og knýja þau til stöðugra umbóta.

Samkeppni er okkur öllum svo mikilvæg að þegar henni er kippt úr sambandi kemur það ekki einasta niður á neytendum og greinum sem ekki njóta samkeppni, heldur hagkerfinu öllu. Að tileinka sér kosti samkeppninnar veitir viðtækan skilning á því að samkeppni er ekki bara keppnisvöllur, samkeppni er frjór jarðvegur fyrir nýsköpun. Þróun eflir skilvirkni og nærir sköpunargáfu, og umbreytir áskorunum í tækifæri til vaxtar og framfara. Þess vegna þurfum við heilbrigða og virka samkeppni, og þess vegna er aðför að samkeppni aðför að neytendum! 🚀

Breki Karlsson

Samráð skipafélaga dýrkeypt

Ólögðmætt samráð stóru skipafélaganna Eimskips og Samskipa kostaði íslenskt samfélag tæplega 62 milljarða króna á árunum 2008 til 2013. Neytendasamtökin, VR og Félag atvinnurekenda fengu Analytica til að vinna minnisblað um áhrif samráðs skipafélaganna á almenning. Minnisblaðið má finna í heild á ns.is, en hér er farið yfir helstu niðurstöður.

Analytica bendir á að gjaldskrár skipafélaga í nágrennalöndunum hafi farið lækkandi á þeim tíma sem samráðið stóð yfir en hins vegar hækkuðu þær verulega hjá Samskipum og Eimskipi. Afkoma íslensku skipafélaganna var sömuleiðis mun betri en helstu erlendu skipafélaga á sama tíma.




Samráðið hækkadi vísitölu neysliverðs

Að mati Analytica var aukinn kostnaður neytenda vegna samráðsins 26 milljarðar króna en það er kostnaður sem rekja má beint til hækkana gjaldskrár skipafélaganna umfram almennt verðlag. Þarna er verið að horfa á hærri vöruverð vegna hærri flutningskostnaðar sem lendir beint á neytendum.

Þess utan leiddi samráðið til þess að vísitala neysliverðs hækkadi um 0,7% umfram það sem annars hefði verið, þ.e. ef gjaldskrár skipafélaganna hefðu haldist óbreyttar að raungildi. Lántakendur verðtryggðra lána greiddu þannig um 17,4 milljarða aukalega vegna hækkunar vísitölu sem tilkomin er vegna samráðsins, og er það varlega áætlað. Fyrirtæki í útflutningi voru líka leikin grátt. Áætlað er að kostnaðarauki þeirra hafi numið um 12,7 milljörðum.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þetta hrikalega aðför að neytendum, sem ekki megi endurtaka. Hann bendir á að það væri mikill fælingarmáttur fólgin í að auðvelda neytendum að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota. Slíkt hefur þó ennþá ekki verið leitt í lög hérlendis. Þá þarf að skýra lög og heimildir fyrir almannaheillasamtök að efna til hópmarksókna og gera þær að raunverulegum kosti í svona málum.

Tjón vegna samráðs skipafélaganna
í milljörðum króna á verðlagi 2. ársfj. 2023



Mat Analytica er frummat sem byggir m.a. á gögnum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli Samskipa. Ýtarlegra mat á tjóni einstakra viðskiptavina eða hópa viðskiptavina getur átt eftir að fara fram, t.d. vegna skaðabótamála á hendur skipafélögunum. ❌

Bannað að auglýsa dýr lán

Árið 2020 settu dönsk stjórnvöld strangar reglur, ekki síst til höfuðs smálánnum, um kostnað og markaðssetningu á dýrum neytendalánnum.

Líkt og á Íslandi var sett hámark á kostnað á neytendalán. Í báðum löndum mega lán að hámarki bera árlega hlutfallstölu kostnaðar (ÁHK) sem nemur 35% auk seðlabankavaxta, en ÁHK mælir allan kostnað lána (vexti, lántökukostnað og annan kostnað) á ársgrundvelli. Danir gengu skrefinu lengra og hreinlega bönnuðu auglýsingar lána með hærri ÁHK en 25%. Á sama tíma settu Danir einnig þak á innheimtukostnað smálána þannig að neytandi greiðir aldrei meira til baka en sem nemur tvöföldu láninu. Neytandi þarf sem dæmi aldrei að greiða meira en 30.000 kr. vegna 15.000 kr. láns.

Hér á landi hafa ekki verið settar neinar takmarkanir á markaðssetningu dýrra neytendalána. Neytenda-samtökin telja brýnt að það verði gert og hafa sent erindi til ráðherra þess efnis. Þá er heldur ekkert þak á innheimtukostnaði. Neytendasamtökin hafa séð skelfileg dæmi þar sem innheimtukostnaður láns er margfalt hærri en lánið sjálft. Hafa samtökin í mörg ár kallað eftir þaki á innheimtukostnað og því að öll innheimtustarfsemi sé undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Þess má geta að nýjustu fréttir frá Danmörku herma að stjórnvöld vilji setja hömlur á markaðssetningu fjárhættuspila og veðmála, þó ekki sé enn ljóst til hvaða aðgerða verður gripið. Breiður stuðningur virðist vera við slíkar aðgerðir, en fjöldi Dana, líkt og Íslendinga, glímur við spilafíkn.

Nikótínþúðar komu fyrst á markað hér á landi síðla árs 2019. Fyrst um sinn flutu þúðarnir um í lagalegu tómarúmi en árið 2022 voru þeir felldir undir lög um rafrettur. Frumvarp heilbrigðisráðherra gekk þó lengra og átti að banna sölu nikótínþúða, og rafretta, með bragðefnum, svo sem nammi- og ávaxtabragði. Ekki var meirihluti fyrir því á þingi og náði því tillagan ekki fram að ganga.

Nikótínþúðar í allra vörum



Strangar reglur gilda

Nikótínþúða má ekki selja til yngri en 18 ára og ekki má selja nikótínvörur í grunn- og framhaldsskólum eða stöðum sem ætlaðir eru til félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna. Þá er kveðið á um bann við notkun nikótínvara þar sem starfsemi fyrir börn og ungmenni fer fram. Líkt og gildir um tóbak mega nikótínþúðadósir ekki vera sýnilegar í verslunum nema um sérværslanir sé að ræða. Þá er alveg skýrt að auglýsingar á nikótínþúðum eru bannaðar. Eftir þessa upptalningu mætti ætla að nikótínþúðar væru lítt sýnilegir í samfélaginu en svo er alls ekki. Hvað veldur?

Má auglýsa verslun og vörumerki en ekki vöru

Þótt bannað sé að auglýsa tiltekna vöru er fyrirtækjum heimilt að auglýsa vörumerki sitt og sölustaði. Sem dæmi auglýsir ÁTVR opnunartíma vínþúða og aldurstakmark á áfengiskaupum en aldrei áfengið sjálft. Sama á við um nikótínþúða. Ekki má auglýsa þúðana sjálfa en fyrirtæki getur auglýst vörumerki sitt með ýmsum hætti svo lengi sem það heldur sig innan ramma laganna.

Svens ehf. er íslenskur nikótínsali sem hefur farið mikinn í markaðssetningu. Teiknimyndafígúran Sven er allt í senn andlit fyrirtækisins, vörumerkið og aðalleikari í allri markaðssetningu. Svens hefur ítrekað dansað á línunni, en fór yfir strikið síðasta sumar þegar Neytendastofa tók ákveðnar auglýsingar fyrirtækisins til skoðunar.

Í einni auglýsingunni dansaði Sven með nikótínþúðadós í annarri hendi og með þúða í vörinni. Neðst í auglýsingunni stóð setningin „10.000 koddar í vasanum“. Í öðru tilfelli var um að ræða auglýsingu með yfirskriftinni „Meira en 150 tegundir og 11 búðir“. Í auglýsingu framan á verslunum mátti sjá stórar dósir en í örsmáu lettri kom fram að þúðarnir væru nikótínlausir. Komst Neytendastofa að því að auglýsingarnar



brytu í bága við lög um nikótínvörur og lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Fyrirtækið hafnaði því að auglýsingar á vörumerkinu Svens fælu í sér auglýsingar á nikótínvörum og báru meðal annars við tjáningarfrelsi. Svens skaut málinu til áfrýjunarnefndar neytendamála sem staðfesti ákvörðun Neytendastofu í ársbyrjun.

Neytendastofa gaf einnig út ákvörðun vegna markaðssetningar GS verslana ehf. þar sem fyrirtækið hefði brotið gegn lögum í markaðssetningu sinni á nikótínþúðum. Því máli var ekki áfrýjað.

Þegar Neytendastofa fékk loksins færi á að úrskurða um ólögmati auglýsinga Svens var skaðinn skeður ef svo má orða. Markaðssetning fyrirtækisins þótti takast svo vel að Svens var tilnefnt sem besta íslenska vörumerkið árið 2022. Þótt nikótínþúðar séu ekki nefndir á nafn vita neytendur – ekki síst börn og unglingar – nákvæmlega hvað verið er að auglýsa þegar figúrunni Svens bregður fyrir.

Neyslan vex með ári hverju


Neysla á nikótínþúðum hefur vaxið mjög hratt frá því þeir komu fyrst á markað. Nú er svo komið að einn af hverju þremur karlmönnum á aldrinum 18–35 ára notar nikótínþúða daglega og ein af hverjum fimm konum í sama aldurshópi. Eini hópurinn sem ekki virðist hafa orðið nikótínþúðum að bráð eru konur í aldurshópnum 55 ára og eldri en þar er notkunin vart mælanleg.

Langtímaáhrif af notkun nikótínþúða eru lítið rannsökuð, en fyrir liggur að nikótín hefur margvísleg neikvæð áhrif á líkamsstarfsemi. Á undanföllum misserum hafa sérfræðingar ítrekað stigið fram og varað við skaðlegum áhrifum nikótínþúða en þrátt fyrir það vex neyslan með ári hverju. Það má skýra með mikilli markaðssetningu og þeirri staðreynd að nikótín er mjög ávanabindandi. Þá eru nikótínþúðar ekki skattlagðir líkt og tóbak og áfengi.

Nikótín magn í sigarettum er á milli 8 til 20 milligrömm (mg) en reykingamaður sagnar þó ekki nema 1–2 mg úr hverri sigarettu. Sterkustu nikótínþúðarnir innihalda hins vegar frá 15 og allt upp í 20 mg af nikótíni. Einn þúði getur því innihaldið nikótín magn sem slagar upp í einn pakka af sigarettum. Á hverju ári eru fjölmörg dæmi um að börn gleypi nikótínþúða sem getur reynst mjög hættulegt.

Segja má að ákveðið stjórnleysi ríki í þessum málum. Þau svör fengust frá heilbrigðisráðherra að endurskoðun á lagaumhverfinu standi fyrir dyrum og stefnt sé að því fella nikótínvörur (nikótínþúða, rafrettur og fyllingar) undir lög um tóbaksvarnir og mynda þannig eina heildarlöggjöf um þessar vörur. Það muni einfalda og skýra alla umgjörð, hvað sé heimilt og hvað ekki. Þá sé brynt að samræma og skerpa á eftirliti með framfylgd laganna. ✂

Dagleg notkun á nikótínþúðum eftir aldri og kyni - 2021 - 2023



Illt í efni

Þrátt fyrir að Evrópusambandið hafi sett eina ströngustu efnalöggjöf í heimi eru íbúar álfunnar útsettir fyrir efnamengun í hættulega miklum mæli. Af ýmsu er að taka þegar manngerð efni eru annars vegar en PFAS-efnin (perflúorefni) hafa verið sérstaklega undir smásjóni eins og lesendur Neytendablaðsins kannast við.

Um er að ræða stóran efnahóp sem telur mörg þúsund tegundir og hefur margvísleg skaðleg áhrif á líf og heilsu fólks. Efnin hafa verið notuð í algengar neysluvörur allt frá 1950 en þau hrinda frá sér vatni og fitu og eru því að mörgu leyti nytsamleg. Þar sem efnin eru þrávirk finnast þau nú bæði í lífverum og í umhverfinu um allan heim. Það er því brýnt að ná böndum yfir þennan efnaflokk sem allra fyrst.

Nokkrar undirtegundir - svo sem PFOS og PFOA - hafa verið bannaðar en ný PFAS-efni skjóta upp kollinum jafnharðan. Það er því rík krafa neytenda- og umhverfissamtaka að tekið verði á efnahópnum í heild.

PFAS-mengun mælist víða

Fjölmörg dæmi eru um að mikið magn PFAS-efna greinist í fólki vegna mengunar í jarðvegi, í grunnvatni eða í lofti. Við sögðum frá því í 1 tbl. 2023 að íbúar í danska bænum Korsør hefðu margir mælst með óvenju hátt magn PFAS-efna í blóði, nánar tiltekið PFOS sem búið er að banna. Rekja mátti mengun í jarðvegi til slökkvitækja, eða öllu heldur froðunnar, sem slökkvilið bæjarins notaði við æfingar.


Annað áþekkt dæmi er frá bæjunum Ronneby og Kallinge í Svíþjóð þar sem drykkjarvatn mældist verulega mengað af PFAS-efnum og mældust íbúar með mikið PFAS-efna í blóði. Ástæðan var slökkvífroða sem notuð hafði verið til æfinga í herstöð í nágrenninu. Á síðasta ári komst hæstiréttur í Svíþjóð að þeirri niðurstöðu að íbúarnir ættu rétt á skaðabótum.

Á Ítalíu, nánar tiltekið í Veneto-héraði í

norðurhluta landsins, var drykkjarvatn 350.000 íbúa mengað af PFOA vegna nálægrar efnaverksmiðju. Í Antwerpen í Belgíu fannst mikið magn PFOS í lofti og jarðvegi og í blóði íbúa sem bjuggu nálægt efnaverksmiðju.

Árið 2022 kom í ljós að drykkjarvatn í franska bænum Rumilly var mengað af PFOA, sem þó hafði verið bannað frá 2020. Var mengunin rakin til verksmiðju Tefal sem framleiðir m.a. pönnur. Fyrirtækið segist hafa hætt að nota PFOA strax árið 2013 þegar fyrir lá að efnið yrði bannað. Efnin hverfa þó ekki úr umhverfinu þótt framleiðendum sé gert að nota önnur og skárrí efni, skaðinn er skeður. Annað stórt mál kom upp í Lyon í Frakklandi árið 2022 þar sem efnafyrirtæki hafði skolað miklu magni PFAS-efna út í ána Rín með tilheyrandi mengun

Nýlega kom í ljós að PFAS-mengun á og við Schiphol-flugvöll í Amsterdam er mun meiri en áður var talið. Það má



Á rauðmerktum svæðum er staðfest PFAS-mengun. Svæði þar sem mengun er talin líkleg eru merkt blá. Ítarlegar upplýsingar má finna um þessa kortlagningu á vefnum foreverpollution.eu.

Kort unnið af Le Monde

meðal annars rekja til slyss sem varð árið 2008 þegar mikið magn af slökkvifroðu var losað út í umhverfið. Svo mikið er af menguðum jarðvegi við Schiphol að stjórn flugvallarins hefur farið fram á það við stjórnvöld að fá að losa úrganginn annars staðar. Magn úrgangsins er 200.000 rúmmetrar. Ekki er lengur pláss fyrir úrganginn á svæðinu og íbúar í nágrenni við völinn hafa eðlilega áhyggjur af stöðunni.

Kortlagning á PFAS-mengun í Evrópu

Í fyrra kom út söguleg kortlagning á PFAS-mengun í Evrópu. Hópur fjölmiðla stóð saman að verkinu undir yfirskriftinni „The Forever Pollution Project“, eða Eilífðarmengunarverkefnið. Annars vegar má sjá lista yfir svæði í Evrópu þar sem PFAS-mengun hefur mælst og hins vegar yfir svæði þar sem mengun er líkleg. Rannsóknin leiddi í ljós að í Evrópu mætti finna 2.100 staði þar sem mengun væri það mikil að tala mætti um heita PFAS-reiti. Yfirleitt er um að ræða

iðnaðarsvæði, jafnvel frá fyrri tíð, svæði þar sem meðhöndlun iðnaðarúrgangs hefur verið ófullnægjandi og/eða hvar eldvarnarfroða hefur verið notuð í óhófi. Flest eru þetta iðnaðarsvæði (eða fyrrum iðnaðarsvæði) í Mið-Evrópu, Bretlandi og norðurhluta Ítalíu og Frakklands. Danmörk sker sig frá Norðurlöndunum með fjölda heitra reita. Eins og fyrr segir er einnig búið að skilgreina 21.500 líkleg mengunarsvæði í gjörvallri Evrópu og þar af eru nokkur á Íslandi, þ. á m. allir flugvallir landsins, álver og annað iðnaður. Mengun hefur ekki endilega mælst á þessum svæðum en eðli starfseminnar gæti gefið til kynna að þar væri PFAS-mengun. Sem fyrr segir eru allir flugvallir landsins þar á meðal, sem skýrist af því að PFAS-efni hafa verið notuð í afísingavökva, slökkvifroðu og glussakerfi. Samkvæmt upplýsingum frá Isavia var sú ákvörðun tekin á síðasta ári að skipta allri slökkvifroðu út fyrir PFAS-fría froðu og mun það koma til framkvæmda í ár.

PFAS-efni í háttsettum embættismönnum

Evrópska Umhverfisskrifstofan og félagasamtökin ChemSec, sem berjast fyrir öruggri efnanotkun, tóku höndum saman og fengu háttsett stjórnmalafólk innan Evrópusambandsins til liðs við sig. Þátttakendur voru frá níu löndum. Þar á meðal var forstjóri Umhverfisstofnunar Evrópu og varaforseti Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Allt að sjö mismunandi PFAS-efni fundust í þeim 11 einstaklingum sem tóku þátt og í fimm þeirra var magnið meira en viðmiðunarmörk segja til um. Sum PFAS-efnanna sem fundust í blóði þátttakenda hafa þegar verið bönnuð, svo sem PFOA og PFOS. Markmiðið með athæfinu er að þrýsta á Evrópusambandið að fara í löngu tímabærar endurbætur á efnalöggjöf sambandsins en jafnframt að minna á að enginn er óhultur þegar PFAS-efnin eru annars vegar. ❌

Húsmæður í Kópavogi mótmæla

- Mjólkursöluleyfið tekið af Sigurði

Ýmsar gersemar leynast í skjalasafni Neytendasamtakanna og hér má sjá erindi sem samtökunum barst árið 1962. Það var undirritað af 55 húsmæðrum í Kópavogi sem kölluðu eftir liðsinni samtakanna. Ætla verður að Neytendasamtökin hafi gripið til aðgerða en ekki eru þó til nein gögn um afdrif málsins.

Mjólkursöl. v. Borgarh. v. 51

Það eru vinsamleg tilmæli undirritaðra húsmæðra í Kópavogskaupstað, að Neytendasamtökin hjálpi þeim til að ná rétti sínum í máli því sem nú skal frá greint:

Árum saman hefir Sigurður Sigurbjörnsson kaupmaður, ^{Kópavogsb.} ^{Kársnesb.} veitt okkur frábæra þjónustu, með því að hafa á boðstólum flestar þær vörur sem við höfum þarfnast, þar á meðal mjólk og mjólkurafurðir.

1. október í haust, opnaði Mjólkursamsalan útsölu á Borgarholtsbraut, uppi á háhæðinni. Þá var mjólkursöluleyfið tekið af Sigurði. Þótt ekki sé vegalengdin mikil milli þessara tveggja staða, munar okkur mjög mikið um hana, þar sem vegurinn er snarbrattur og oft illfær á veturna. Margar okkar þurfa annaðhvort að hafa smábörn með sér, eða þá að senda börn í verzlunina, getur þessi leið bæði verið hættuleg, og eins munar náttúrlega um hverja 100 metrana.

Viljum við nú biðja yður að hlutast til um, að Sigurði Sigurbjörnssyni verði veitt leyfi til þess að selja okkur mjólkurvörur eins og áður var.

Virðingarfyllst,



**Kínverska
vefverslunin
Temu var stofnuð
í september 2022
og hefur náð
undraverðum vexti
á örskömmum
tíma. Í byrjun árs
hafði Temu-appið
verið sótt tæplega
50 milljón sinnum
af neytendum
um heim
allan.**





Temu hefur fengið sinn skref af gagnrýni. Margar vörur þykja af litlum gæðum, markaðssetning er ágeng og grunur er um að sumar vörur séu framleiddar við óviðunandi aðstæður. Bresku neytendasamtökin Which? fóru ofan í kjölinn á starfseminni.

Hraðan vöxt Temu má meðal annars rekja til gegndarlausrar markaðssetningar. Sem dæmi auglýsti Temu í auglýsingahléi Ofurskálarinnar (e. Super Bowl) nú í febrúar, en vart er hægt að finna dýrari auglýsingapláss. Telja sérfræðingar að kostnaður við markaðssetningu Temu sé svo hár að fyrirtækið sé enn að borga með flestum vörum.

Verðið lyginni líkast

Temu líkist að mörgu leyti Shein, sem er annar kínverskur vefverslunarrisi. Á meðan Shein selur mestmegnis föt og fylgihluti selur Temu allt milli himins og jarðar, eða 25 milljón vörutegundir að eigin sögn. Temu býður svo lágt verð að undrum sætir. Er hið lága verð skýrt þannig að milliliðir hafi verið teknir út og neytendur kaupir beint af seljendum. Í flestum tilfellum virðist verðið þó ekki duga fyrir hráefninu, hvað þá framleiðslukostnaði. Sem dæmi er hægt að finna strigaskó fyrir 2.000 kr., þráðlaus heyrnartól fyrir 1.600 kr. og plasthylki utan um síma fyrir 135 kr.

Leikjavæðing verslunar


Temu nýtir samfélagsmiðla til fulls og vinnur með áhrifavöldum sem deila út afsláttarkóðum og fá greitt fyrir að auglýsa Temu-appið. Viðskiptavinir sem deila afsláttarkjörum til vina og fjölskyldu geta einnig fengið afsláttarkóða eða gjafir að launum. Þá geta notendur unnið sér inn afslátt með því að fara á Temu-appið á hverjum degi og taka þátt í leikjum og annarri afþreyingu. Þessi leikjavæðing miðar að því að halda neytendum við efnið og innkaupin, en líkt og dæmin sanna getur slíkt verið ávanabindandi. Þegar við bætist nær óendanlegt vöruútboð á ótrúlega lágu verði þarf kannski ekki að undra að fólk falli í freistni.

Temu gerir einnig út á svokallaðan útundanótta (e. *Fear of missing out*) en það er gömul brella að láta neytendum líða eins og þeir séu að missa af stórgóðu tilboði. Vörurnar eru ýmist við það að verða uppseldar eða eru á tilboði sem rennur út eftir nokkra klukkutíma. Reyndar virðast allar vörur vera á tilboði en samkvæmt íslenskum lögum, sem og í Evrópu, verða seljendur að geta sýnt fram á að tilboðsverð sé raunverulegt. Það þýðir að vara verður að hafa verið seld á „fyrra verð“ í tiltekin tíma. Fyrra verð kemur aldrei fram á vef Temu.

Of góð meðmæli?

Allar vörur í verslun Temu fá frekar góða einkunn, en ómögulegt er að vita hvort meðmælin eru sönn. Miðað við fyrirferðarmikið meðmælasvindl á netinu má ætla að ekkert sé að marka stjörnugjöfina, sér í lagi þar sem það er fyrirtækið sjálft sem skellir stjórnunum fram.

Which? skoðaði meðmæli um Temu á Trustpilot, en þar geta neytendur skrifað meðmæli um vörur og þjónustu. Í ljós kom að stór hluti þeirra sem gáfu fyrirtækinu fimm stjörnur í einkunn voru neytendur sem deildu jafnframt afsláttarmiðum og áttu því hagsmuna að gæta. Trustpilot hefur fjarlægð um 1.700 meðmæli sem talin voru



Special sale | Final hours!

MOTHER'S DAY -88% Cat Self Groomer with ...

Today **CA\$2.84** 99K+ sold

just bought

★★★★★ (8,087)



Special sale | Almost over!

MOTHER'S DAY -83% 8pcs. Mop Replacement...

CA\$12.23 75.55 12K+ sold

Almost sold out just bought

★★★★★ (3,843)

Hér má sjá fullyrðingar eins og „Næstum uppselt“ og „Hver að verða síðastur“.



fölsuð eða sett inn í markaðslegum tilgangi. Út frá einkunnagjöf neytenda á Trustpilot eru viðskiptavinir Temu ýmist mjög ánægðir eða mjög óánægðir. Um 50% gefa Temu bestu einkunn eða 5 stjörnur og 31% einungis eina stjörnu.

Gortað af afrakstrinum

Vinsældir myndskaiða sem á ensku nefnast „Haul videos“ eru ótrúlega miklar. Í myndskaiðunum má sjá kaupglaða viðskiptavini opna hverjar Temu-plastumbúðirnar á fætur öðrum. Vörunum er lýst fyrir áhorfendum, fötin mátuð og umsögn jafnvel gefin. Myllumerkið Temuhaul á TikTok er með meira en 2 milljarða áhorf og Shein var í fyrra með 5,4 milljarða áhorf á á TikTok.

Góður skilaréttur

Skilaréttur Temu er ríkari en almennt gerist eða 90 dagar frá kaupdegi. Frá því að neytandi gerir kröfu um að skila vöru hefur hann 14 daga til að senda hana til baka. Which? segist hafa af því fregnir að oft sé ekki gerð krafa um að vara sé send til baka. Verð er svo lágt að það svarar ekki kostnaði fyrir seljanda að koma vörunni aftur í sölu, heldur er henni fargað ónotaðri, og er því ekki alltaf gerð sú krafa að vörunni sé skilað. Á ns.is má lesa meira um þessa óumhverfisvænu þróun undir heitinu „Skilavöru fargað“.

Eru vörurnar öruggar?

Fjölmargar vörur á Temu eru frá vörumerkjum sem eru óþekkt, í það minnsta á Vesturlöndum, og margar vörur eru án nokkurs vörumerkis. Fyrirtæki eins og Temu, Shein og Amazon eru nokkurs konar vef-markaðstorg. Þau bjóða upp á fjölbreytt úrval af vörum frá mörgum ólíkum framleiðendum. Flest fyrirtæki af þessu tagi hafa ekki fyrir því að sannreyna hvort vörur standist öryggiskröfur eða séu falsaðar. Neytendur þurfa að hafa í huga að þegar keypt er vara frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins eru þeir innflytjendur og ábyrgir fyrir því að varan sé hæf

og heimil til innflutnings inn á svæðið. Þannig þurfa vörur að uppfylla evrópska öryggisstaðla og vera rétt vottaðar, og innflytjandinn getur þurft að sýna yfirvöldum fram á slíkt.

Which? gerði gæðakönnun á rafmagnshiturum fyrri hluta árs og fengu hitarar keyptir á Temu fallelkunn. Í öðru tilfelli skoðaði Which? ódýr hleðslutæki og rafmagnsklær frá fjölda vefverslana, Temu þar á meðal, sem í mörgum tilfellum þóldu ekki lágmarksálagspróf.

Á Temu má finna fjölda vara sem eru eftirlíkingar með tvísti. Hér má sjá Ilmvatnið COOC sem er augljós stæling á Chanel's Coco.

Grunur um nauðungarvinnu

Temu hefur einnig legið undir ámæli fyrir að selja vörur sem framleiddar eru í Xinjiang- héraði af Úígúum. Eru kínversk stjórnvöld grunuð um að halda fleiri hundruð þúsund Úígúum í nauðungarvinnu undir því yfirskyni að þeir séu í þjálfunarbúðum. Fyrirtækið viðurkendi fyrir þingnefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings að það sinnti ekki eftirliti með sínum birgjum eða fyrirtækjum sem selja í gegnum Temu. Þau eru fleiri en 80.000 talsins að sögn Temu.

Er óhætt að versla á Temu?

Which? bendir á að reynsla viðskiptavina sé bæði mjög góð en einnig séu margir sem telji vörugæðin ekki nógu mikil. Ráðleggingar Which? eru þær að ef neytendur horfa í verð umfram allt geti Temu verið góður kostur en af öryggisástæðum ætti að forðast vörur eins og leikföng, bílstóla, raftæki og augljósar eftirlíkingar. Þess má geta að dönsku neytendasamtökin Tænk bæta um betur í umfjöllun sinni um Temu og ráðleggja neytendum að forðast einnig snyrtivörur og eldhúsahöld. ❗

Á Temu má finna fjölda vara sem eru eftirlíkingar með tvísti. Hér má sjá Ilmvatnið COOC sem er augljós stæling á Chanel's Coco.

Leitin að uppruninum

*- réttur til upplýsinga er ein af
nú grunnkröfum neytenda.*

Neytendasamtökin fá gjarnan fyrirspurnir sem varða upprunamerkingar á matvörum. Ein slík sneri að kolsýrðu vatni, nánar tiltekið Bonaqua. Neytandi spyr þar hvort ekki þurfi að koma fram á umbúðum að vatnið sé innflutt. Svarið við því er nei. Eins einkennilegt og það má teljast er almennt ekki gerð krafa um upprunamerkingar á matvælum nema í undantekningartilfellum. Drykkjarvatn er ekki þar á meðal.

Íslenskt vatn eða innflutt

Þrátt fyrir að enginn skortur sé á hreinu drykkjarvatni á Íslandi er eitthvað flutt inn af átöppuðu vatni, bæði hreinu og kolsýrðu. Hjá Coca-Cola European Partners fengust þær upplýsingar að allt vatn sem er tappað á plastflöskur sé innlent, en Bonaqua í áldósum er hins vegar flutt inn frá Noregi. Að sögn Gests Steinþórssonar, framkvæmdastjóra markaðs- sviðs, eru þessi mál í sífelldri skoðun.

Stærsta vörulína Ölgerðarinnar í vatnsdrykkjum er Kristall og segir Óli Rúnar Jónsson, yfirmaður markaðsmála, að allur Kristall sé átappaður hér á landi og það sama eigi við um aðrar vatnsvörulínur fyrirtækisins.

Eigin framleiðsla beri af

Ekkert er því til fyrirstöðu að framleiðendur upprunamerki vörur sínar jafnvel þótt

þeim sé það ekki skylt. Flest lönd eiga það sameiginlegt að telja eigin framleiðslu bera af í gæðum og því ekki óalgengt að matvörur skarti þjóðfánnum. Lesendur þekkja eflaust vel fánaröndina á íslensku grænmeti.

Merkið Íslenskt staðfest

Í fyrra var upprunavottunin *Íslenskt staðfest* afhjúpuð með viðhöfn en Bændasamtök Íslands eiga og reka merkið. Til að matvara megi skarta merkinu verður hlutfall íslensks hráefnis í samsettum vörum að vera minnst 75% en kjöt, egg, sjávarafurðir og mjólk skal í öllum tilfellum vera 100% íslenskt. Það vekur athygli hversu fáir íslenskir framleiðendur nýta merkinguna og sem dæmi hafa stóru afurðastöðvarnar ekki tekið hana upp enn þá. Krafan um upprunamerkingu verður sífelld háværing og þykja þær reglur sem nú gilda alls ekki ganga nógu langt. Sem dæmi getur framleiðandi sloppið við að upprunamerkja kjöt ef það hefur verið sett í kryddlög. Neytendasamtökin hvetja framleiðendur til að upprunamerkja, einnig í þeim tilfellum þar sem það er ekki skylt.



Þær matvörur sem er skylt að upprunamerkja:

Matjurtir.

Hér undir falla til dæmis kartöflur, agúrkur, tómatar, laukur, ólífur, sveppir, kál, spinat, kryddjurtir og jarðarber.

Nautgripakjöt.

Þó með þeirri undantekningu að ekki þarf að merkja uppruna ef um er að ræða innmat, unnar kjötvörur, hakk og kjöt blandað öðrum kjötttegundum eða nautakjöt í kryddlegi.

Svinakjöt, kind- og geitakjöt og alifuglakjöt.

Krafan um upprunamerkingu nær einungis yfir nýtt, kælt eða fryst kjöt. Um leið og kjötið hefur verið kryddað eða blandað með aukefnum gildir krafan um upprunamerkingar ekki.

Hunang.

Ekki þarf að merkja upprunaland hunangs en ef hunangstegundum er blandað saman þarf að upplýsa hvort uppruni vörunnar sé innan Evrópu-sambandsins eða utan.



Það getur verið flókið að meta þjóðerni matvöru sem er samsett úr hráefni sem kemur víða að. Hér er frönsk framleiðsla á ferð en einnig er tekið fram að möndlurnar séu frá Kaliforníu.



Ekki fer á milli mála að haframjölið er danskt. Einnig má sjá tvær lífrænar vottanir – þá dönsku og vottun Evrópusambandsins. Þá er Skráargatið opinber norræn merking sem auðveldar neytendum val á hollari mat.

Bannað að villa um

Ekki má villa um fyrir neytendum og gefa í skyn að vara sé íslensk ef hún er það ekki. Nýlega sektaði Neytendastofa fyrirtækið Stjórnugrís fyrir að nota brot úr íslenska fánanum á umbúðir svínaríffa sem voru innflutt rif frá Þýskalandi. Upprunaland kom einnig fram á umbúðum, sem varð jú til þess að upp komst um málið. Þetta var í annað sinn sem Stjórnugrís varð uppvís að röngum merkingum og taldi Neytendastofa því rétt að sekta fyrir athæfið.

Grænþvegnir grísir

Fyrr á árinu féll dómur í því sem kallað hefur verið fyrsta loftslagsdómsmálið í Danmörku. Svínakjötsframleiðandanum Danish Crown var stefnt fyrir dóm vegna fullyrðinga um loftslagsvæna svínakjötsframleiðslu.



Upphaf málsins má rekja til auglýsingaherferðar sem svínakjötsframleiðandinn Danish Crown hleypti af stokkunum árið 2020. Var gefið í skyn að svínakjöt væri loftslagsvænt, eða „klimavenligt“. Helsta slagorð herferðarinnar var „Dansk gris er mere klimavenlig, end du tror“ (Danskt svínakjöt er loftslagsvænna en þú heldur). Þá var merkingin „Klimakontrolleret“ (sem gæti útlagst sem „Grænir grísir“) límd á kjötumbúðir.



Félagasamtökin Klimabevægelsen (Loftslagshreyfingin), Dansk Vegetarisk Forening (dönsku grænkerasamtökin) og og dönsku neytendasamtökin Forbrugerrådet Tænk, stefndu Danish Crown vegna villandi markaðssetningar, enda væri verið að villa um fyrir neytendum með því að nota hugtakið „loftslagsvænt“ um kjötframleiðslu. Tænk rannsökuðu hvort neytendur skildu orðið „klimakontrolleret“ þegar það væri notað um matvæli. Aðeins 12% aðspurðra töldu sig skilja merkingu orðsins en þegar betur var að gáð voru svör þessa hóps þó út og suður. Þótti það staðfesta hversu ógagnsæ og villandi merkingin væri.

Niðurstaða Landsréttar Danmerkur var kunngerð 1. mars en um var að ræða fordæmisgefandi mál sem var beðið með mikilli eftirvæntingu. Dómstóllinn fetti ekki fingur út í fullyrðinguna „Dansk gris er mere klimavenlig, end du tror“ en taldi að merkingin „Klimakontrolleret“ væri til þess fallin að villa um fyrir neytendum.

Anja Philip, formaður dönsku neytendasamtakanna, fagnaði niðurstöðunni og sagði dóminn mikilvægan. Neytendur verði að geta treyst upplýsingum framleiðenda og seljenda, ekki sist þegar fullyrðingar varða jafn mikilvægt mál og loftslagsvána.

Lífræn mjólk ekki án loftslagsspors

Sænski mjólkurvöruframleiðandinn Arla hlaut í fyrra dóm í sambærilegu máli. Arla hafði um þriggja ára skeið auglýst á mjólkurfernum lífrænnar vörulínu að þær hefðu ekkert loftslagsspor eða „netto noll klimatavtryck“. Eftir að sænsku neytendasamtökin Konsumentverket bentu á að fullyrðingin væri villandi bætti Arla nánari útskýringum á mjólkurfernurnar. Neytendasamtökin sögðu það engu breyta og kærðu Arla fyrir að beita blekkingum enda mætti skilja fullyrðinguna sem svo að þegar væri búíð að hlutleysa neikvæð loftslagsáhrif. Losunin yrði þó ekki að fullu endurheimt fyrr en að 100 árum liðnum. Dómari tók undir þessi sjónarmið og bannaði Arla að nota fullyrðinguna.

Vöruskerðing verði sýnileg

Því miður er algengt, ekki sist á verðbólgu tímum, að framleiðendur skerði magn vöru en haldi verðinu óbreyttu. Þetta á ekki sist við á verðbólgu tímum. Neytendur taka þannig síður eftir því að varan hefur hækkað hlutfallslega í verði og til þess er leikurinn gerður. Er þetta kallað vöruskerðing (shrinkflation) en ítarlegri umfjöllun um fyrirbærið má finna á ns.is.

Frakkar hafa nú ákveðið að segja þessu athæfi stríð á hendur. Þeir vilja að neytendur verði upplýstir ef magn vöru er skert án þess að verð lækki að sama skapi. Þessar upplýsingar yrðu settar á vöruna sjálfa eða hjá verðmerkingu og væru aðgengilegar í þrjá mánuði eftir að vöruskerðingin kom til framkvæmda. Krafan verður gerð til verslana sem eru 400 fermetrar eða stærri. Ástæðan fyrir því að krafan er ekki sett á seljendur sjálfa – sem bera jú ábyrgð á vöruskerðingunni – er að þá þyrfti að breyta Evrópureglugerð um matvælaupplýsingar til neytenda og það er meira en að segja það.

Frönsk stjórnvöld hafa sent tilkynningu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem mun taka afstöðu til málsins.

Af og til berast fréttir af miklu arsenmagni í hrísgrjónum.
Almennt þarf fullorðið fólk ekki að hafa áhyggjur nema það borði mjög mikið
af hrísgrjónum. Áhyggjur beinast frekar að hrísgrjónaneyslu barna.

Eitur í grjónum – hættu á ferð?



Þungmálmurinn arsen er frumefni með efnatáknið As og sætistöluna 33. Arsen heitir arsenic á ensku og arsenik á Norðurlandamálum. Á íslensku er heitið arsenik hins vegar notað yfir efnasamband arsens og súrefnis. Svokallað ólífrænt arsen er mun skaðlegra en lífrænt arsen. Í þessari grein er fjallað um ólífrænt arsen en það er talið vera krabbameinsvaldandi.

Hvaðan berst Arsen í hrísgrjón?

Arsen finnst víða í náttúrunni, t.d. í jarðvegi og grunnvatni, en það hefur einnig verið notað í töluverðum mæli í landbúnaðar- og iðnaðarframleiðslu. Skordýraeitur innihélt lengi vel arsen og þá var arsenik (efnasamband arsens og súrefnis) notað í viðarvörn. Aðrir mengunarvaldar eru kolakýnt orkuver og málmbraeðslur sem vinna kopar og blý. Arsen er að finna í berggrunni víða í Suðaustur-Asíu þar sem hrísgrjónarækt er útbreidd. Ræktunin krefst mikils vatns og hrísgrjón „sjúga upp“ meira magn arsens en nokkur önnur nytjaplanta, eða 10-20 sinnum meira en aðrar korttegundir.

Rannsókn vakti athygli

Árið 2012 gáfu bandarísku neytendasamtökin Consumer Reports út skýrslu um magn arsens í hrísgrjónum og matvörum sem unnar eru úr hrísgrjónum. Í ljós kom að arsen reyndist vera í flestöllum sýnunum og stundum í töluverðu magni. Það átti líka við um lífræna ræktun, hrísgrjónabarnamat og brún hrísgrjón, sem innihéldu reyndar í öllum tilfellum meira arsenmagn en þau hvítu. Á þessum tíma stóðu fjögur fylki, Arkansas, Louisiana, Missouri og Texas, undir 76% af hrísgrjónaneyslu bandarískra heimila en misjafnt er eftir svæðum hversu menguð hrísgrjónin eru.

Rannsóknin vakti mikla athygli víða um heim og var meðal annars til umfjöllunar í Neytendablaðinu. Á þessum tíma var lítið um almennar ráðleggingar um hvernig neytendur ættu að bregðast við, hugsanlega þar sem vandinn var hreinlega ekki þekktur. Í dag ber sérfræðingum saman um að fullorðið fólk sem borðar hrísgrjón og matvæli úr hrísgrjónum af og til þurfi almennt ekki að hafa áhyggjur. Öðru máli gegni hins vegar um börn. Almennt er ekki ráðlagt að ung börn drekki hrísgrjónadrykki og eins ætti að takmarka hrísgrjón og mat unninn úr þeim í mataræði barna, sér í lagi barna undir sex ára aldri. ❖



Stock.com/Thirawatana Phaisalratana

Gott að leggja í bleyti

Hægt er að minnka magn arsens í hrísgrjónum með því að leggja þau í bleyti yfir nótt og sjóða í hlutföllunum 5:1. Það væri, sem dæmi, einn bolli af hrísgrjónum á móti fimm bollum af vatni. Ef ekki næst að leggja hrísgrjónin í bleyti er gott að skola þau vel en mestu skiptir að sjóða þau í riflegu vatni.

Biluoð

Neytendasamtökin vara neytendur við að eiga viðskipti við CC bílaleigu (City Car Rental) Fyrirtækið virðir ekki úrskurði Kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa og hefur ítrekað lent í skammarkrök Neytendasamtakanna

bílaleiga

Einbeittur síbrotavilji

CC bílaleiga hefur sex sinnum tapað málum sem neytendur hafa lagt fyrir Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa og í öllum tilfellum neitað að hlíta niðurstöðunni. Neytendur sitja eftir með sárt ennið enda oft um umtalsverða fjármuni að ræða auk þess sem ágreiningur við bílaleigu kemur niður á upplifun ferðamanna. Þá hefur bílaleigan Nordic Car Rental, sem er í eigu sömu aðila, tapað einu máli fyrir kæruneftndinni og ekki orðið við kröfum neytanda um bætur. Af þeim 15 málum þar sem seljandi neitar að verða við úrskurði nefndarinnar á CC bílaleiga sex mál og Nordic Car Rental eitt mál. Þetta er Íslandsmet sem ekkert fyrirtæki vill eiga.

Háar upphæðir í húfi

Kvartanir neytenda gegn bílaleigunni eru fjölbreyttar og varða gjarnan háar upphæðir. Hæsta krafan er upp á 1.600.000 kr. Þegar bílaleigubíll bilar eða tjón verður á bil eru neytendur oft í þröngri stöðu og geta staðið frammi fyrir því að greiða reikning

án þess að hafa nokkra yfirsýn yfir málið. Heiðvirðar bílaleigur gera upp málin og endurgreiða ofgreiddar upphæðir, til dæmis ef í ljós kemur að viðgerðarkostnaður er lægri en áætlað var eða ef tjón/bilun er ekki neytanda að kenna. CC bílaleiga hefur hins vegar annan hátt á.

Mál 24/2023

Kúpling bilar á öðrum degi og er neytanda gert að greiða áætlaðan viðgerðarkostnað, dráttarkostnað og einhvers konar umsýslugjald (damaged vehicle administration fee). Neytandi krafðist endurgreiðslu á öllum kostnaði enda bæri hann ekki ábyrgð á biluninni. Bílaleigan gat ekki lagt fram gögn sem sýndu fram á kostnað við viðgerð, að viðgerð hefði yfirhöfuð farið fram, né hvenær kúplingu hafði síðast verið skipt út. Var CC bílaleigu gert að endurgreiða kostnað vegna viðgerðar og dráttarbíls, alls 283.500 kr.

Mál 106/ 2022

Neytandi leigði bil sem keyrður

var 232.000 km og þegar stillt var á vetrarstillingu á fimmta degi bilaði bíllinn. Bílaleigan innheimti dráttarkostnað, gjald vegna viðgerðar, umsýslugjald og sekt þar sem bíllinn átti að hafa keyrt á lokuðum vegi. Nam upphæðin 10.782 evrum eða 1.600.000 kr. Í niðurstöðu nefndarinnar segir að bílaleigan hafi ekki sýnt fram á að neytandi hafi valdið tjóni á bifreiðinni né að hann hafi keyrt á lokuðum vegi. Var bílaleigunni því gert að endurgreiða neytandanum allan kostnað eða 1.600.000 kr.

Mál 78/2022

Dekk springur á bílaleigubíl og lendir neytandi í miklum vandræðum með að losa dekkið af þar sem allir felguboltar voru orðnir mjög slitnir. Var neytandi neyddur til að kaupa aðstoð af vegþjónustu fyrirtækisins auk nýs dekk. Nefndin taldi að bílaleigunni bæri að greiða neytanda 71.300 vegna vegþjónustunnar enda hafi hún verið innifalin í samningi. Neytandi bæri hins vegar kostnað vegna nýs dekk.



Isoc/Heimtokear0225

Mál 21/2022

Á fimmta degi ferðalags skaust steinn í framrúðu og myndaði sprungu og greiddi neytandi 132.000 kr. í tryggingargjald vegna eigin ábyrgðar. Síðar gjaldfærði bílaleigan 74.000 kr. af kreditkorti neytandans til viðbótar. Nefndin taldi bílaleiguna ekki hafa sýnt fram á umfang hins fjárhagslega tjóns og gerði henni að endurgreiða neytandanum 74.000 kr.

Mál 117/2021

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að bílaleigan ætti að endurgreiða neytanda 215.000 kr. vegna dráttarþjónustu á biluðum bílaleigubíl. Billinn var við afhendingu keyrður 200.000 km og bílaði eftir 100 km akstur.

Mál 113/2020

Neytandi afbókaði bílaleigubíl með tveggja mánaða fyrirvara en var þó látinn greiða fullt verð fyrir billinn. Kærunefndin taldi neytandann eiga rétt á 75% endurgreiðslu að upphæð 166.500 kr. Það væri í samræmi við skilmála um afbókun sem væru mjög skýrir.

Mál 65/2021 varðar Nordic Car rental, sem er í eigu sömu aðila og CC bílaleiga.

Neytandi tekur bíl á leigu sem bílar á fjórða degi. Bílaleigan lætur draga bílinn á verkstæði og tók viðgerðin einn dag. Bílaleigan útvegaði hvorki nýjan bíl né gistingu meðan á viðgerð stóð. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að neytandinn ætti rétt á endurgreiðslu að upphæð 55.000 kr. þar sem hann hafði ekki haft afnot af bifreiðinni í einn dag og hefði þurft að útvega sér gistingu.

Hunsa ítrekað úrskurði

Samtals hafa CC bílaleiga og Nordic Car Rental hafnað kröfum neytenda að fjárhæð 2.464.800 kr. þrátt fyrir að kærunefnd hafi úrskurðað neytendum í hag. Neytendasamtökin líta það alvarlegum augum að fyrirtæki hunsi ítrekað niðurstöður kærunefndarinnar og verði ekki við réttmætum kröfum neytenda. Samtökin hafa sent ábendingu á Samgöngustofu og farið fram á að starfshættir fyrirtækisins verði skoðaðir.

Neytendur sem lenda í ágreiningi við bílaleigur eru gjarnan erlendir ferðamenn og flest mál berast í gegnum evrópsku neytendaástoðina á Íslandi (ECC), sem Neytendasamtökin hýsa. Því fer fjarri að allir ferðamenn sem lenda í ágreiningi við seljendur hér á landi leiti réttar síns fyrir kærunefndinni, sér í lagi ef ekki er um að ræða háar upphæðir. Fjöldi kærumála gegn CC bílaleigu segir því ákveðna sögu.

Í ljósi þess að CC bílaleiga unni aldrei niðurstöðu nefndarinnar og virðist standa á sama um að lenda ítrekað í skammkrók Neytendasamtakanna, má spyrja hvort það sé fyrirhafnarinnar virði að leggja fram kæru gagnvart fyrirtækinu. Vissulega geta neytendur farið með mál fyrir dómstóla en það svarar sjaldnast kostnaði.

Neytendasamtökin vara því neytendur við að eiga viðskipti við CC bílaleigu og Nordic Car Rental þar sem eina úrræðið, ef til ágreinings kemur, er dómstólaleið og hún er alls ekki öllum fær. ❌

Tölum um neytendamál

Neytendasamtökin efna til samtals um neytendamál við neytendur og sveitarstjórnir vítt og breitt um landið. Samtökin kynna sér helstu mál sem brenna á fólki á landsbyggðinni og segja frá baráttumálum sínum og þann ávinning sem sterkur hagur neytenda færir fólki, fyrirtækjum og samfélaginu öllu. Auk opinna funda með neytendum verður fundað með á annan tug sveitarstjórna víðs vegar um landið.

Neytendur um land allt eru hvattir til að mæta og láta í sér heyra.

DAGSKRÁ:

- 2. maí kl. 20:00
Dokkan Ísafirði
- 6. maí kl. 12:00
Kaffi Krókur, Sauðárkrókur
- 6. maí kl. 17:00
Lyst -Lystigarðinum, Akureyri
- 7. maí kl. 11:30
Gamli Baukur, Húsavík
- 7. maí kl. 17:00
Hótel Hérað, Egilsstaðir
- 8. maí kl. 17:00
Ráðhúsið, Höfn Hornafirði

Allar upplýsingar
má finna á ns.is